

Kæru félagsmenn HRFÍ

Ég heiti Sigrún Valdimarsdóttir og býð mig fram til setu í aðalstjórn eða til vara í varastjórn HRFÍ. Ég hef verið félagsmaður HRFÍ frá 2008. Ég bý í Breiðholtiinu ásamt manni mínum og rækta svartan standard schnauzer með ræktunarnafninu Black Standard ræktun.

Ég er fædd og uppalin í Reykjavík en flutti til Keflavíkur 1994 og bjó þar í 25 ár en flutt aftur til Reykjavíkur 2019. Ég ólst upp með hestum og hef stundað hestamennsku frá blautu barnsbeini. Ég hef bæði ræktað hrossin mín sem og tamið þau. Fyrsti hundurinn minn var íslensk tík sem fór því miður allt of snemma frá okkur. Ég og maðurinn minn fluttum inn fyrsta svarta standard schnauzerinn til landsins 2008 sem var tík og 2 árum síðar rakka af sama kyni þá var ekki aftur snúið, ég var komin á bólakaf í hundana. Fluttum við inn 1 tík og 2 rakka síðar. Núna eru 3 tíkur á heimilinu og sú elsta enn þá lifandi rúmlega 14 ára gömul. Fyrsta gotið mitt er fætt 2010.

Ég hóf að læra blikksmíði eftir grunnskóla og vann við það í nokkur ár. Seinna nam ég tækniteikun og vann við það í mörg ár ásamt því að sjá um bókhald, laun og reikningagerð. Í dag er ég með lítið innflutningsfyrirtæki sem er með innflutning á hundafóðri og vinn einnig sjálfstætt við bókhald.

Ég hef verið í stjórn schnauzerdeildar HRFÍ á árunum 2010-2011 og 2014-2018 sem og verið virkur þátttakandi í sýningum HRFÍ. Ég hef líka mjög mikla reynslu af félagsmálum í gegnum hestamennskuna en þar hef ég setið í stjórn fjölda nefnda og félaga en ég sat í stjórn Hestamannafélagsins Mána bæði sem ritari og gjaldkeri sem og varamaður. Ég var aðalmanneskjan í því að Máni var fyrsta hestamannafélagið sem hlaut viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ árið 2003. Ég var einnig varamaður í stjórn Landssambands hestamannafélaga í 6 ár og starfað í mótanefndum, skemmtinefndum, reiðveganefnd, æskulýðsnefnd, íþróttanefnd Mána og í Íslandsmótsnefnd ásamt mörgum öðrum stærri og minni störfum innan hestamennskunnar.

Kæru félagar ég vona að ég fái ykkar atkvæði og traust til að vinna fyrir félagið en ég tel mig hafa margt til brunns að bera félaginu okkar til góða.

